



Pési

Næsti Pési kemur út í jan
2017. Efni þarf að berast í
síðasta lagi 7. jan 2017.



JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA.

*Sendum íbúum Hrunamannahrepps, sumar-
húsaeigendum og öllum viðskiptavinum
nær og fjær,
hugheilar jóla og nýárskveðjur með þakklæti
fyrir árið sem er að líða.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk
Hrunamannahrepps.*



des 2016
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

26. árgangur.
310.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Þá er desember genginn í garð og styttist í jólahátíðina. Þetta er alltaf jafn skemmtilegur tími og vonandi geta allir haldið sín gleðilegu jól með sér og sínum.

Sveitarstjórn er búin að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 sem og árana 2018-2020. Eins og staðan er núna, og ef forsendur bresta ekki á næsta ári, þá er gert ráð fyrir að það verði hagnaður af rekstri sveitarfélagsins sem dugi þá að mestu fyrir rekstri og fjárfestingu án mikillar lán-töku. Hins vegar ber áætlunin þá von í brjósti að verðbólga verði skapleg á árinu 2017 sem hjálpar sveitarfélaginu og vonandi öllum í samfélaginu til að eiga betri tíma. Síðan er talsverð óvissa um stór verkefni sem gætu farið af stað sem gætu valdið því að það þyrfti að breyta áætlunum. Má þar nefna hótelsbyggingu á Byggð á Bríkum, uppbyggingu við félagsheimili eða ljósleiðara. Það verður þá verkefni til að taka á því ef til kemur.

Það er einnig ljóst að launakostnaður sveitarfélagsins fer vaxandi og tekur í en mikilvægt er samt að það takist friður um þau mál þannig að við getum einbeitt okkur að verkefnum. Vonandi verða t.d. nýjir karasamningar við grunnskólakennara samþykktir og samningar náist við tónlistarkennara þannig að allir geti farið að einbeita sér að gera góðar stofnanir enn betri. Skólarnir okkar eru grunnstoðir hvers samfélags og við þurfum að passa upp á þá í víðasta skilningi þess orðs.

Nú hefst samt vinnan hjá okkur að hrinda þeim áformum í framkvæmd sem samþykkt hafa verið. Eins og staðan er núna er stærsta fjárfestingarverkefni okkar að endurbyggja götuna við Akurgerði og vonandi nær sú uppbygging alveg út að Hrunamannavegi. Þá viljum við gjarnan einnig ná að gera gangstétt í Sneiðinni og koma innkomu frá hringtorgi á Bræðratunguvegi inn á Iðjuslóð í nokkuð varanlegt horf þannig að lóðarhafar þar geti farið að afmarka lóðir sínar betur og bæta ásýnd hverfisins. Það er gaman að koma að því að skipuleggja bæði stór og lítil verkefni sem sveitarfélagið er að puða í því það er ansi margt sem verið er að gera þó það sé ekki alltaf mjög sýnilegt eða áberandi. Við getum verið þakklát fyrir það hvað það er margt af hæfileikaríku starfsfólki í vinnu hjá sveitarfélaginu.

Varðandi starfsmannamál þá vil ég þakka henni Magneu húsverði í íþróttahúsinu fyrir góð störf en hún lét af störfum um síðustu mánaðarmót. Jafnframt býð ég hann Hilmar í Syðra-Langholti velkomin til starfa í hennar stað en hann mun endurnýja kynni sín sem starfsmaður sveitarfélagsins og hefur störf um næstu áramót. Þessu tengt þá gat ÁTVR fengið íbúðina að Akurgerði 4 afhenta um síðustu mánaðarmót og geta því farið á fullt við að stækka búðina og auka við starfssemina. Það er vísir að meiru að þeir eru farnir að auka opnunartíma vínbúðarinnar þannig að þetta er allt að gerast.

Eitt ánægjulegt viðfangsefni er að huga að rafbílavæðingu sveitarfélagsins og vonandi landsins alls. Við höfum talað um það að í skipulagsáformum sveitarfélagsins þurfum við að fara að huga

að því að það sé gert ráð fyrir hleðslupóstum þar það á við og eflaust þurfa húsbyggendur að hugsa að slíkum hlutum við hönnun mannvirkja sinna. Nú hefur Orkusalan gefið sveitarfélaginu rafhleðslustöð sem mun verða sett upp við félagsheimilið þannig að þessi þróun er komin til okkar.

Ég vil vekja athygli á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is en hún hefur hún tekið nokkrum útlitsbreytingum í tilefni þess að hún hefur verið uppfærð í Word Press kerfi. Nú eru allar heimasíður stofnana sveitarfélagsins komnar í sama kerfið og vonandi er það enn notendavænna. Ég vil hvetja alla til að nýta sé möguleika síðunnar til að leita sér upplýsinga eða samskipta við stofnanir sveitarfélagsins. Á heimsíðunni er t.d. hægt að ná í upplýsingar til foreldra og forráðamanna til að þeir geti sótt um hvatargreiðslur fyrir börn sín. Við ætlum að hafa opið fyrir umsóknir fram undir jól þannig að ég hvet alla til að nýta sér þennan stuðning samfélagsins vegna tómtunda barna sinna.

Ég vil í tilefni „jólahreingerninga“ hvetja alla til að flokka úrgang vel sem fólk kemur með upp á gámasvæðið á Flúðum og bendi atvinnulífinu á að nota gámasvæðið en ekki grenndargáma sem hugsaðir eru frekar fyrir gesti og gangandi. Sérstaklega vil ég benda fólki á að rugla því ekki saman sem á að fara í brotajárns-gáminn og gám fyrir grófan úrgang. Þá vil ég einnig benda á að er enn eftir trjáskurl á gámasvæðinu sem fólki í sveitarfélaginu er frjálst að nýta til sinna þarfa. Annað sem snertir úrgangsmál er að horfa vel á auglýsingu Orkuveitunnar um að henda ekki blautklútum eða öðrum óæskilegum hlutum í klósettið. Þetta er mesta vandamál okkar við hreinsun rotþróa og nýtingu kalkarans á „Seyrustöðum“.

Varðandi um- hverfismál vil ég óska þeim ágæta félagsskap Landgræðslufélagi Hrunamanna til hamingju með að hafa fengið landgræðsluverðlaun Landgræðslunnar „fjöreggið“ fyrir árið 2016. Þessi félagsskapur



hefur lyft grettistaki í landbótum á Hrunamannafrétti sem hvergi nærri sér fyrir endann á. Í ljósi umræðu um ýmislegt sem snýr að framleiðslu landbúnaðarvara er mjög mikilvægt að gæta að því þeir sem nýta landið til framleiðslu séu mjög meðvitaðir um að við þurfum að vanda okkur við framleiðslu á öllum landbúnaðarvörum og skila jákvæðum skila- boðum til samfélagsins.

Í tilefni jólahátíðarinnar við ég minna fólk á að athuga með reyk- skynjara og slökkvitæki í hýbýlum sínum. Endilega prófið því reyk- skynjara og athugið með dagsetningar á skoðun slökkvitækja. Hægt er að fara með slökkvitækin í yfirhalningu niður á Selfoss m.a. til Slökkvi- tækjapjónustu Brunavarna Árnassýslu og fá rafhlöður hjá þeim í reyk- skynjara.

Varðandi jólin minni ég á að áramótabrenna verður á Flúðum og „þrettándabrenna“ og flugeldasýning Björgunarfélagsins Eyvindar verður laugardaginn 7. janúar 2017. Ég vil hvetja alla til að njóta að- ventunnar með fjölskyldunni og finna hinn rétta jólaanda.

Að lokum vil ég sérstaklega þakka öllu starfsfólki Hrunmannahrepps fyrir góð störf á árinu og sendi íbúum og gestum sveitarfélagsins mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.

Eigum góð og gleðileg jól saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Sundlaugin á Flúðum.

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Jól og áramót:

23—26. des og gamlársgangur og nýársdag **LOKAÐ**

Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga - fimmtudaga 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Opið um helgar ef mót eru í gangi í húsinu

Jól og áramót:

21-22. des: 17:00-21:30.

23—26. des og gamlársgangur og nýársdag **LOKAÐ**

27-29. des: 17:00-21:30

30. des: 13:00-18:30

2. jan: 17:00-21:30

3. jan: hefðbundin opnun



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til föstudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Þorláksmessa: 09:00-12:00

LOKAÐ: 27. desember og 2. janúar.



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsuind frá landnámi



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting
– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímapantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum góðar stundir og ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu fyrir alla aldurshópa svo það er um að gera að kikja á hvað bíður í hillunum.

Verið öll hjartanlega velkomin.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Munið skilalúguna ☺

Með jólakveðju,
Bókasafn Hrunamanna


Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Nú er bókasafnið einnig á Facebook



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.


Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu B.A, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Okkar bestu óskir um Gleðileg Jól og farsælt komandi ár við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

*Hótel Flúðir
Margrét og Guðmundur.*



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Verð ekki við næstu miðvikudaga.

Mun auglýsa þegar ég kem aftur til starfa.

Sendi viðskiptavinum og sveitungum jólakveðju

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



BRENNUR!

Áramótabrenna verður á tjaldsvæðinu
á Flúðum gamlársgdag kl: 20:30.

Þrettándabrenna verður á sama stað

7. janúar 2017 kl: 20:00.



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Daglegar vöruferðir í uppsveitir
Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Jólatrésala björgunarfélagsins Eyvindar

Hinn árlega jólatrésala björgunarfélags Eyvindar verður í húsnæði félagsins að Smiðjustíg 8



Jólatrésalan verður opin frá

13:00 til 20:00 á laugardeginum 10. des. og

14:00 til 18:00 á sunnudeginum 11. des.

Verða allar helstu tegundir í boði.

Því miður verður ekki jólamarkaður hjá okkur þetta árið en vonumst til að sjá sem flesta í jólatrésölnunni.

Flugeldasala

Björgunarfélagsins Eyvindar

Verður í húsi félagsins:

Miðvikudaginn	28. desember	kl. 16:00 - 22:00
Fimmtudaginn	29. desember	kl. 13:00 - 22:00
Föstudaginn	30. desember	kl. 13:00 - 22:00
Laugardaginn	31. desember	kl. 10:00 - 16:00
Fimmtudaginn	5. Janúar	kl. 18:00 - 22:00
Föstudaginn	6. Janúar	kl. 16:00 - 20:00

Mínum á flugeldasýninguna sem verður laugardaginn 7. janúar 2017 þá verður einnig brenna.

Hægt verður að kaupa hlut í sýningunni á opnunartíma eða leggja inn á okkur.

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með þökk fyrir stuðninginn á líðandi ári.

Björgunarfélagið Eyvindur

Kt:460100-2590 banki:0325-26-2590 bfeyvindur@simnet.is



2.deild karla í körfuknattleik
Föstudaginn 9.desember kl. 19.15
Íþróttahúsinu á Flúðum
Hrunamenn/Laugdælir - Gnúpverjar

Í fyrsta sinn í Íslandsmóti í körfuknattleik mætast sameiginlegt lið Ungmennafélags Hrunamanna og Ungmennafélags Laugdæla gegn liði Ungmennafélags Gnúpverja. Því er um að ræða einstakan viðburð og eru allir hvattir til þess að mæta á þennan grannaslag.

Staðan í deildinni:

Sæti:		Sigrar/Töþ	Stig:
1.	<u>Hrunamenn/Laugdælir</u>	7/0	14
2.	<u>Haukar b</u>	6/1	12
3.	<u>Njardvik b</u>	5/3	10
4.	<u>Leiknir R.</u>	5/3	10
5.	<u>Gnúpverjar</u>	4/3	8
6.	<u>Íþróttafélag Breiðholts</u>	3/5	6
7.	<u>Reynir S.</u>	3/4	6
8.	<u>Fjölknir b</u>	2/6	4
9.	<u>KV</u>	2/5	4
10.	<u>KR b</u>	0/7	0

Aðgangseyrir: **1000** krónur fyrir fullorðna, **frítt** fyrir 18 ára og yngri.

Sjoppa er opin í hálfleik!



Desember í leikskólanum Undralandi ☺

Nú nálgast jóla lífglöð kæti og hér á leikskólanum Undralandi er allt að verða komið í jólabúning. Við ætlum að nota desember til að njóta þess að vera saman, hlusta á fallega tónlist og fönndra.

Við erum svo heppin að hafa frábært foreldrafélag sem ætlar að bjóða okkur á leiksýninguna „Ævintýrið um Augastein“ núna í desember og svo er hefð fyrir því að foreldrar kíki við og baki piparkökur með börnunum. Sindri og Íris í Sindrabakaríi ætla að gefa okkur deig, við hlustum á jólatónlist og eigum góða stund saman.

20. desember verður svo jólaball hér í leikskólanum, þar mæta foreldrar líka og dansa og syngja með börnunum og hver veit nema fleiri gestir kíki í heimsókn.

Við leggjum mikla áherslu á að hafa allt á rólegu nótunum, erum alveg laus við allt jólastress en njótum samverunnar á aðventunni.

Okkur starfsfólk leikskólans langar að koma á framfæri þökkum til staðarhaldara á Grund á Flúðum, en á kvenréttindadaginn 24. október tóku þau á móti okkur með kaffi/kakó/safa, vöfflur og kökur og allt í boði hússins. Með þessu sýndu þau stuðning í verki. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir.

Við viljum minna á að allir eru velkomnir að kíkja í heimsókn og kynna sér starfið sem hér fer fram, taka þátt í leik og starfi barnanna.

Við vonum að allir eigi góðar stundir á aðventunni og að jólin færi ykkur frið og gleði.

Jólakveðjur frá starfsfólki Undralands ☺




Húsnæðisbætur!

Ný lög um húsnæðisbætur taka gildi 1. janúar 2017.

Greiðslustofa húsnæðisbóta tekur yfir verkefni sveitarfélaga varðandi útgreiðslu húsnæðisbóta. **Vefur Greiðslustofunnar er: husbot.is**

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á hinum nýja vef.

Húsnæðisbætur barna að 18 ára aldri og sérstakar húsnæðisbætur verða áfram hjá sveitarfélögum.



Hið árlega Jólakaffi sem Hótel Flúðir bjóða eldri borgurum í Hrunamannahreppi uppá verður laugardaginn 10 desember kl. 16:00 Við hlökkum til að taka á móti ykkur og eiga með ykkur hátíðlega stund.

Margrét og Guðmundur

SAMKAUP STRAX FLÚÐUM

ALMENN VERSLUNARSTÖRF

Samkaup Strax Flúðum leitar að öflugum starfskrafti í almenn verslunarstörf. Um er að ræða 100% starf og aðra hvora helgi, viðkomandi þarf að geta hafið störf 2. jan.

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni.

Umsóknir sendist á fludir@samkaupstrax.is
Umsóknarfrestur er til 15. desember nk.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Agnes Böðvarsdóttir verslunarstjóri
Sími: 774 - 5437



Samkaup strax



Hitaveita Flúða veitti Björgunarfélaginu Eyvindi styrk til kaupa á tetrastöðvum í tilefni 50 ára afmælis hitaveitunnar.



Nokkrar myndir frá frjálisþróttamóti



Skötuveisla Við Faxa.

Við verðum með skötuveislu í hádeginu á Þorláksmessu
frá 11,30 til 14,00

Á borðum verður skata og saltfiskur ásamt klassisku meðlæti



Verð 2.500 kr. á mann
Hálfvirði fyrir börn á grunnskólaaldri og fritt fyrir yngri.

Borðapantanir í síma 774 7440 í síðasta lagi 22. des.



Jólakveðja



Kaffi-Sel sendir öllum viðskiptavinum sínum ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir árið sem er að líða. Við erum komin í jólafri, en minnum á að hægt er að panta fyrir hópa, miðað við 10 manns að lágmarki.

Með hátíðarkveðju

Starfsfólk Kaffi-Sels

Símar: 486-6454/846-9321/661-5935

Netfang: info@kaffisel.is



Frá Félagi eldri Hrunamanna

Egils saga og vetrarstarfið í kjallaranum á Heimalandi hefst aftur á nýju ári **þriðjudaginn 10. janúar**:

.....OOO.....

Opið hús verður í Félagsheimilinu miðvikudaginn 18. janúar.

.....OOO.....

Árshátíð félagsins verður haldin föstudagskvöldið 17. febrúar.

Nánar auglýst síðar. Takið daginn frá.

.....OOO.....



Kæru félagar!

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum ykkur góðar samverustundir á árinu sem er að líða.

Bestu kveðjur,
stjórnin



Barnaskemmtun

2016

Barnaskemmtunin verður haldin í Félagsheimili Hrunamanna fimmtudaginn 29. desember og hefst kl. 14.00.

Sr. Óskar í Hruna kemur til okkar og svo mun Karl Hallgríms-son og fjölskylda sjá um tónlistina og leiða okkur í söng og dans í kringum jólatréð.

Heyrst hefur að jólasveinar komi í heimsókn með gott í poka. Óskað er eftir því að komið sé með meðlæti á kaffihlaðborðið en boðið verður uppá drykkjarföng. Aðgangseyrir eru kr. 1000 fyrir 16 ára og eldri.

Vonumst til að sem flestir sjái sér fært að koma og eiga skemmtilega jólastund.



Með kærri jólakveðju
Kvenfélag Hrunamannahrepps



HRUNAPRESTAKALL

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur: Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í *Hrepphóla-kirkju kl. 23.*

25. desember - jóladagur: Hátíðarmessur. *Ólafsvallakirkja kl. 11 og Hrunakirkja kl. 14.*

Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í *Stóra-Núpskirkju kl. 22.* Kirkjan lýst upp með kertaljósum.

31. desember - gamlársdagur Guðsþjónusta í *Tungufellskirkju kl. 14:30.* Aftansöngur í *Stóra-Núpskirkju kl. 16:30.* (Síðasta messan í Stóra-Núpskirkju í bili en framundan eru gagngerar endurbætur innandyrna í kirkjunni sem vonast er til að verði lokið með hausti 2017)

8. janúar – sunnudagur: Nýársmessan í *Hrepphólakirkju kl. 11.* Þjóðlegur hádegisverður á eftir í safnaðarheimili, reiddur fram af körlunum í kirkjukórnum. Kjarngóður matur og kaffi á vægu verði (fullorðnir 1000 kr. en 15 ára og yngri 500 kr.).

Sjáumst í kirkjunum um hátíðarnar. Guð gefi friðsæla adventu og gleðileg jól.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur*

**PUB
QUIZ**

Föstudaginn 9. desember kl. 22.00 verður pub quiz á Kaffi Grund og trúbadorastemmning á eftir. Meistaraflokkur karla í körfunni stendur fyrir viðburðinum og er kvöldið til fjáröflunar fyrir líðið. Er þetta þriðja skiptið sem þetta er gert með þessum hætti og er fólk hvatt til þess að mæta og eiga skemmtilega kvöldstund.

VETRARSTARF ÆSKULÝÐSNEFNDR

Fræðslufundur á Kaffi-Sel með
Rósu Birnu Þorvaldsdóttur reiðkennara
13. janúar

Námskeið fyrir börn og unglina
í Reiðhöllinni á Flúðum. Kennari Rósa
Birna Þorvaldsdóttir

6. febrúar,	20. febrúar
6. mars,	20. mars
3. apríl,	17. apríl



Uppsveitadeild Æskunnar
í Reiðhöllinni á Flúðum.
30. janúar Undirbúningsfundur
25. febrúar – þrigg., fjórg., fimi
(21. feb. æfingatími)
18. mars – fjórg., tólt, fimmg.
(14. mars æfingatími)
8. apríl - smali, skeið
(7. apríl æfingatími)

Reiðskóli fyrir byrjendur
í Vorsabæ II. Leiðbeinandi Elin
Moquist
Vikulega og hefst 28. mars,
6 skipti og lýkur 3. maí.

Hestheimaferð
27. – 28. maí

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.

Allir viðburðir æskulýðsnefndar eru auglýstir á fésbókarsíðu Smákrakka.

VEL HEPPNUÐ HAUSTFERÐ **ÆSKULÝÐSNEFNDAR**

Föstudaginn 28. október förum við í okkar árlegu haustferð með krökkunum í Loga. Í þetta skipti förum við austur yfir Þjórsá og heimsóttum fyrst Fákshóla síðan Sandhólaferju og enduðum á Hellu í pízzuveislu.

Við lögðum af stað eftir skóla á föstudeginum með 14 skemmtilega krakka og nokkra fylgifiska (foreldra) og byrjuðum á því að skoða Fákshóla. Þar tók hún Hanne vel á móti okkur og sýndi okkur allt hesthúsið og lét hann Herkúles fagra frá Ragnheiðarstöðum hlaupa nokkra hringi í reiðhöllinni. Einstaklega litfagur og flottur töffari. Við áttum góða stund á Fákshólum með henni Hanne og var hún einstaklega gestrisin og bauð okkur kaffi, djús og nammi. Það var auðvitað mikið hlaupið og leikið sér í reiðhöllinni á meðan aðrir sýndu meiri áhuga á hestunum og hundunum í hesthúsinu.

Þaðan förum við beint til Guðmars á Sandhólaferju, sem kom skemmtilega á óvart og náði ótrúlega vel til allra með fróðleik og smá fyrirlestur um dýraspítalann og starfsemina sem þar er í gangi. Hann sýndi okkur veik dýr og útskýrði hvað væri að þeim. Síðan sýndi hann okkur rannsóknarstofuna sína og tæki og tól sem hann notar í sæðistöku og sæðingar. Krökkunum fannst sérstaklega áhugavert að skoða gervimerina og hólkin fyrir sæðistöku! Síðan förum við öll inn í rannsóknarstofuna þar sem Guðmar útskýrði vel fyrir krökkunum og sýndi í tölvunni mælingu á þéttleika sæðis, skoðun á hreyfanleika sæðisfrumanna og þynningu. Hann sýndi okkur líka skurðstofuna og þar sáum við sjúkrastiuna þar sem hann svæfir hestana og flytur með talíu yfir á sérhannað aðgerðaborð sem var eins og bilalyfta, hægt að hífa upp og niður. Til að sýna krökkunum lét hann þau öll fara upp á borðið í einu og svo var hið upp og niður mörgum sinnum... Mjög sniðug græja!



Eftir þessar stórskemmtilegu heimsóknir enduðum við á Kanslaranum og fengu allir pízzu og gos. Takk fyrir okkur, alltaf gaman að hittast og kynnast nýjum krökkum.

Kærar kveðjur – Æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Smára



Samkaup strax

Opnunartími um jól og áramót.

Þorláksmessa 23. desember	09:00-19:00
Aðfangadagur 24. desember	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum	LOKAÐ
31. desember Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur 01.01.2017	LOKAÐ

JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Frímerki eru seld í búðinni.

Munið helgartilboðin.

Bækur á tilboðsverði.

**Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.**

Jólakveðjur

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum.

Sími: 486 6633

GLEÐILEG JÓL.



Fréttir af starfi Ungmennafélags Hrunamanna

Í haust hefur mikið líf verið í starfi ungmennafélagsins. Fjölbreytt og öflug dagskrá í íþróttahúsinu hefur haft sitt að segja og er þátttaka góð meðal fólks. Hér verður stiklað á stóru yfir það starf sem var í gangi á haustönn.

Við eigum mikið af efnilegum krökkum í íþróttum sem hafa staðið sig mjög vel og verið til fyrirmyndar bæði á æfingum og á mótum sem þau hafa sótt. Það er þeim og starfinu mikilvægt að foreldrar veiti stuðning og hvatningu með áhuga og eftirfylgni.

Blak

Leikmannahópur blakliðs kvenna heldur áfram að stækka og dafna. Liðið tók í fyrsta skipti þátt í Íslandsmóti á dögnum og hóf leik í 6.deild. 1.umferð fór fram í Kórnum í Kópavogi og lentu stelpurnar í fjórum spennuleikjum hvar liðið þurfti að láta í minni pokann í oddahrinum. Í fimmta leiknum unnu stelpurnar hins vegar góðan 2-0 sigur og standa ágætlega að vígi fyrir síðari tvær umferðirnar þar sem oddahrinurnar telja sem stig í baráttunni. Innan svæðis Skarphéðins fóru stelpurnar með 2 lið á hraðmót HSK og endaði annað liðið þar í 4.sæti, hársbreidd frá verðlaunasæti. Á dögnum fór fram fyrri umferð í HSK mótinu og þar tóku einnig tvö lið þátt. Bæði liðin unnu eina viðureign og töpuðu tveimur, síðari umferðin mun fara fram eftir áramót og munu bæði lið spila þar 3 leiki til viðbótar.

Karlalið Hrunamanna stillir starfi sínu í hof í vetur. Liðið tekur ekki þátt í Íslandsmóti í fyrsta sinn í langan tíma en sendi þó lið til leiks á hraðmót HSK sem fram fór á Laugarvatni á dögnum, vann liðið þar góðan sigur. Þá tekur liðið þátt í bikarkeppni blaksambands Íslands og í 1.umferðinni sigraði liðið granna sína í Laugdælum örugglega 3-0.

Fimleikar

Fimleikarnir bjóða upp á 1 æfingu á viku. Þar eru um 20 iðkendur að mæta og njóta þau leiðsagnar þeirra Hönnu Bjarkar, Hrafnhildar Sædísar og Jónínu Sifjar. Áhugi iðkenda er að aukast og frábært fyrir flóru íþróttageinanna að geta boðið upp á þetta starf. Opín æfing verður hjá deildinni 13.desember kl. 16.30 þar sem foreldrar og aðstandendur geta tekið þátt í æfingunni. Á vorönn stefnir fimleikadeildin að sýningu sem verður opin fyrir almenning.

Frjálsar íþróttir

Vetrarstarf deildarinnar hófst með æfingum í íþróttahúsinu um miðjan september. Yngri hópur æfir á mánudögum, en eldri hópur á mánudögum og miðvikudögum. Þjálfarar eru Guðbjörg Viðarsdóttir íþróttakennari og Jóhanna Briet Helgadóttir.

Tvö stór frjálsíþróttamót voru á dagskrá í nóvember og þar tók UMFH þátt. Fyrst á Gaflaranum sem er mót fyrir 10-14 ára, þangað fóru 10 keppendur og unnu til 8 verðlauna, þrjú gull, þrjú silfur og tvö brons. Silfurleikar ÍR voru svo haldnir í Laugardalshöll fyrir iðkenndur 17 ára og yngri. Um 600 keppendur víðsvegar af landinu tóku þátt á leikunum sem haldnir eru

til minningar um afrek Vilhjalms Einarssonar silfurverðlaunahafa á Ólympíuleikunum í Melbourne fyrir 60 árum. Það voru 15 keppendur frá UMFH sem mættu til leiks og unnu þau til 7 verðlauna í eldri flokk, eitt gull, þrjú silfur og þrjú brons. Yngri hópur, 9 ára og yngri, sem tók þátt í þrautabraut, fengu öll silfurverðlaun um hálsinn fyrir góðan árangur. Á báðum þessum mótum var mikið um persónuleg met og sýnir það að krakkarnir eru í góðri framför. Jólamótið okkar sem er orðið að árlegum viðburði verður haldið á æfingatíma **19. desember** og hvetjum við aðstandendur til að koma og fylgjast með börnunum sínum.

Íþróttaskóli

Börn í 1. og 2. bekk fá leiðsögn í íþróttaskóla 3svar sinnum í viku frá þeim Árna Þór og Hönnu Björk. Hugmyndin er að gefa þeim víðtæka kynningu á íþróttastarfi með jákvæðum hætti. Þá fá iðkendur tækifæri til þess að spreyta sig á mótum í hinum ýmsu greinum.

Börn fædd 2011 og 2012 hafa notið leiðsagnar Jóhönnu Brietar 1 sinni í viku og verður boðið upp á sams konar starf aftur á vorönn.

Knattspyrna

Í vetur hefur Guðni Sighvatsson, íþróttافرæðingur, séð um knattspyrnuæfingar í íþróttahúsinu. Boðið er upp á 1 æfingu í viku og eru um 12-15 krakkar að mæta að jafnaði. Stefnt er að því að auka við æfingar með vorinu og nýta sparkvöllinn til þess. Eru börn og unglingar hér í sveit hvött til þess að nýta sér þetta góða starf.

Körfuknattleikur

Starf körfuknattleiksdeildar er mikið og öflugt um þessar mundir. Yngstu iðkendur deildarinnar er á leið á mót hjá ÍR þegar þetta er skrifað, helgina 3.-4. desember. Er mótið ætlað iðkendum fæddum 2010-2007.

Börn fædd 2005 og 2006 taka þátt í Íslandsmóti. Þar hafa krakkarnir staðið sig ótrúlega vel. Kvennaliðið vann sig upp um flokk og mun á næsta móti spila meðal 6 bestu liða landsins, en liðið vann næst efsta riðil í Grindavík á dögnum. Tvö lið eru send í mót hjá strákunum, annað liðið er skipað piltum fæddum 2005 og hitt piltum fæddum 2006. Eldra liðið vann sig upp í efsta styrkleikaflokkinn á dögnum og endaði liðið í 4. sæti af 72 liðum á Íslandsmóti í Garðabæ á dögnum. Yngra liðið sýndi magnaða takta á sínu fyrsta móti og vann sig upp um riðil þar en átti erfiðara uppdráttar í Garðabænum þar sem liðið spilaði eingöngu við ári eldri pilta en náðu þó að landa einum góðum sigri gegn A-liði Breiðabliks.

Unglingarnir okkar hafa einnig verið að gera það virkilega gott, en þar eru Hrunamenn í samstarfi með öðrum sunnlenskum liðum, ýmist Hamri, Þór og/eða FSu. Piltar fæddir 2004 unnu sig upp í B-riðil á dögnum með góðum sigri á móti sem fram fór á heimavelli. Þeir sem fæddir eru 2003 hafa sýnt mögnuð tilþrif og náð besta árangri yngri flokka félagsins frá upphafi með því að sigra A-riðil tvisvar sinnum í röð. Fyrra mótið fór fram á heimavelli þar sem m.a. Íslandsmeistarar Stjórnunnar voru lagðir í framlengdum leik. Það síðara fór fram í Stykkishólmi

og þar unnu piltarnir allar sínar viðureignir og eru því á toppnum fram á nýja árið. Stelpurnar gefa strákunum lítið eftir. Stúlkur fæddar 2004 enduðu í 3.sæti í A-riðli í móti í Keflavík og stúlkur fæddar 2002 enduðu í 4.sæti í sínu móti en það mót fór einnig fram í Keflavík. Þá tefla Hrunamenn fram drengjaflokki í fyrsta sinn í mót ásamt Hvergerðingum og Þorlákshafnarbúum. Það lið er skipað piltum fæddum 2000 og 1999. Hefur liðið leikið 6 leiki þegar þetta er skrifað og sigrað 2 af þeim viðureignum.

Meistaraflokkur karla leikur í 2.deild og er liðið í samstarfi með Laugdælum. Hefur liðið leikið 7 leiki til þessa og sigrað allar viðureignir sínar. Liðið teflir fram tveimur erlendum leikmönnum sem voru fengnir á svæðið til þess að koma að þjálfun yngri flokkana og leika með liðinu. Hafa leikmenn og velunnarar körfunnar lagt á sig mikla vinnu til þess að efla starfið með þessum hætti. Liðið nýtur góðs af góðum styrkjum öflugra og framsýnna fyrirtækja á svæðinu auk þess að leikmenn liðsins gefa af sér mikla sjálfsboðavinnu í fjáröflunarskygni. Við hvetjum fólk til þess að mæta vel á leiki og styðja við bakið á þessu liði.

Annað íþróttastarf

Old boys æfingar njóta ávallt vinsælda, hvar virðulegir menn samfélagsins koma saman, njóta hreyfingar og samveru hvers annars. Á mánudögum er það knattspyrnan og miðvikudögum karfan sem er nýtt til hreyfingar, eru áhugasamir hvattir til þess að nýta sér þessa tíma til hreyfingar.

Karlasport var sett á laggirnar sl. vetur af frumkvæði nokkurra einstaklinga sem vildu fá leiðsögn í íþróttahúsinu. Í haust hefur Margrét Guðmundsdóttir tuskað kappana til og stendur til að endurtaka leikinn á vorönn.

Vatnsleikfimi fyrir eldri borgara hefur verið vel sótt, en boðið var upp á tíma 2svar sinnum í viku fram í desember. Stefnan er sett á að hefja aftur námskeið í janúar.

Það má sjá á þessari upptalningu að íþróttastarf sveitarinnar er í miklum blóma og hin glæsilega bygging sem íþróttahúsið okkar er lyftir öllu starfi upp á hærra plan.




Jólastund með Karitas Hörpu & Kolbrúnu Lilju

Söng- & leikkonunarnar Karitas Harpa & Kolbrún Lilja munu í Desember fara víða um Suðurland með einstaklega notalega, lágstemmda og hátíðlega jólatónleika. Þær eru báðar mikil jóla börn og vilja að allir hafi tök á að upplifa jólastemningu, því verður aðgangseyrir algerlega undir hverjum og einum komið. Áætlað er að tónleikarnir standi í rúmlega klukkustund. Dag- & tímasetningar má finna hér að neðan og einnig er viðburður á Facebook sem heitir einfaldlega „Jólatónleikar - Karitas Harpa & Kolbrún Lilja“ Hvetjum alla til að kynna sér hvar og hvenær þær verða í nágrenninu. Og að sjálfsögðu getur öll fjölskyldan komið saman og átt notalega stund.

Það væri þeim mikils virði ef þið gætuð komið þessari tilkynningu að í ykkar ágæta fjölmíðli.

Allar frekari upplýsingar:

Bessi Th.
bessi@sonus.is
895-6952



Stað- & tímasetningar:

- 7. Desember - Hrunakirkja - 20:30
- 8. Desember - Skyrgerðin Hveragerði - 20:30
- 10. Desember - Þorlákshafnarkirkja - 16:00
- 10. Desember - Sólon Reykjavík - 20:00
- 13. Desember - Eyrarbyggjakirkja - 20:30
- 14. Desember - Villingaholtskirkja - 20:30
- 15. Desember - Skálholtskirkja - 20:30
- 16. Desember - Selfoskirkja - 20:30
- 17. Desember - Víkurkirkja - 20:30
- 18. Desember - Sórólfsþvolskirkja Hvolsvelli - 20:30
- 19. Desember - Safnaðarheimilið Hellu - 20:30
- 21. Desember - Kirkjubæjarklaustur kapella - 20:30

*birt með fyrirvara um breytingar